



Mælavæðing Kjósarveitna

Kjósarveitur tóku til starfa árið 2017 og er veitusvæði hitaveitunnar allt sveitarfélagið. Tilgangur Kjósarveitna er að meginstefnu rekstur hitaveitu og önnur starfsemi sem tengist vinnslu, dreifingu og sölu á heitu vatni.

Kjósarveitur hafa nú hafið uppsetningu á stafrænum hitaveitumælum á þjónustusvæði sínu. Stafrænu mælarnir koma til með að leysa hemlana af hólmi sem nú eru uppi hjá flestum viðskiptavinum Kjósarveitna. Framleiðandi hemlanna sem hafa verið notaðir í hemlagrindur viðskiptavina Kjósarveitna hefur gefið það út að hætt verður framleiðslu þeirra, enda þykja hemlar vera úrelt lausn og því tímabært að skipta þeim út.

Séu séróskir um það að halda hemli skal senda tölvupóst á kjosarveitur@kjos.is. Sé þess óskað að halda hemlinum tímabundið þá verður hemill innsiglaður á þá mínútulítra sem keyptir eru samkvæmt gjaldskrá. Algengast eru 3 mínútulítrar, mögulegt er að kaupa allt að 5 mínútulítra. Hafa skal í huga að við uppsetningu veitunnar eru dæmi um notendur með óinnsiglaða hemla, fyrir þá notendur getur orðið veruleg breyting við innsiglingu hemils á 3 mínútulítra. Hemli verður síðan skipt út fyrir stafrænan mæli þegar hann gefur sig eða viðskiptavinur óskar eftir því að fá stafrænan mæli þeim að kostnaðarlausu.

Þeir viðskiptavinir sem eru með mæli í dag fá nýjan stafrænan mæli, þeim að kostnaðarlausu. Við þessa breytingu þarf ekki lengur að lesa af mælunum og senda inn aflestur.

Stafrænu mælarnir eru framleiddir af danska fyrirtækinu Kamstrup og eru svokallaðir rafeindamælar sem mæla rennsli með hljóbylgjumælingu. Mælirinn sendir frá sér boð sem gerir það að verkum að hægt er að safna álestrum á sérútbúna tölvu án þess að fara inn á heimili fólks.

Mælirinn getur tekið magnmælingar, m³ (rúmmetra) og orkuígildismælingar, kWh (kílóvattstundir), þetta gerir hann með því að mæla hitastig á fram- og bakrás, þó er bakrás fest í 30°C sbr. *Reglugerð um mælifræðilegt eftirlit með varmaorkumælum nr. 561/2012*. Stefnt er á að notkun viðskiptavina Kjósarveitna verði mæld í kWh í framtíðinni og innheimt eftir því.

Gert er ráð fyrir að lesið verði af mælunum mánaðarlega og gjaldheimta samkvæmt aflestri mælis hefst þegar fyrsti aflestur er kominn í kerfið.

Með tilkomu stafrænna mæla geta viðskiptavinir ráðið ferðinni að einhverju leyti sjálfir hvað varðar heita vatns notkun sína, með því að fylgjast með notkuninni og hitastigi í húbýlum sínum. Þeir sem eru með heita potta og hafa notað sírennsli í þá gætu þurft að breyta mynstrinu á þeirri notkun. Nauðsynlegt er að húsráðendur láti yfirfara hitakerfi sín og tryggja að þau séu jafnvægisstillt til að tryggja sparnað og eðlilegan rekstur.

Hollráð um skynsama orkunotkun má finna á heimasíðu Kjósarveitna ásamt leiðbeiningum um hvernig má lesa af stafrænu mælunum.

Kær kveðja.

Kjósarveitur